



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2024

2412004SA HMP/fra  
Málalykill: oo.64

## Efni: Umsögn um skýrslu um viðskipti með kolefniseiningar, S-231/2024

Vísað er til nýútkominnar skýrslu um viðskipti með kolefniseiningar sem birt var í samráðsgátt 20. nóvember sl. og unnin var fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og kynnt þann 19. nóvember s.l. Tilgangur skýrslunnar er að varpa ljósi á stöðu kolefnismarkaða hér á landi, kortleggja tækifæri slíkra markaða og leggja fram tillögur að lausnum við áskorunum sem tengjast viðskiptum með kolefniseiningar.

Sambandið hefur kynnt sér skýrsluna og telur mikilvægt að slík kortlagning og greining hafi átt sér stað sem hægt verður að nýta í áframhaldandi stefnumótun í málaflokknum. Talin var ástæða til að veita umsögn við skýrsluna út frá sjónarhorni sveitarfélaga landsins þar sem þau fara með skipulagsvald og sinna ákveðnu eftirliti með landnotkun sem hvoru tveggja eru lykilatriði í því ferli að framleiða kolefniseiningar. Því vill Sambandið koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri varðandi innihald skýrslunnar, samráð við sveitarfélög í stefnumótunarferlinu sem framundan er og leiðbeiningagerð fyrir sveitarfélögin til að geta uppfyllt sínar lagalegu skyldur:

### Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Í skýrslunni er skortur á umfjöllun um mikilvægi þess að vernd líffræðilegrar fjölbreytni verði höfð að leiðarljósi í öllu sem viðkemur framleiðslu á og viðskiptum með kolefniseiningar. Þetta er grundvallaratriði sem setja þarf skýrar kröfur um í regluverki um framleiðslu á kolefniseiningum þar sem markmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum þurfa að samrýmast þeim er varða vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Einnig væri æskilegt að huga betur að náttúru- og minjavernd og áhrifum á jarðvegs- og vatnsauðlindir almennt í tengslum við framleiðslu á kolefniseiningum og þurfa varnaglar um þessi atriði að vera skýrir í regluverkinu. Slíkt er ekki einungis mikilvægt náttúrunnar vegna og þeirrar þjónustu sem náttúran veitir nærliggjandi samfélögum, heldur einnig vegna þess að tekjur og atvinnustarfsemi í mörgum sveitarfélögum byggir að miklu leyti á ferðamennsku sem oft er drifin áfram af sérstökum ósnortnum landslagsheildum eða ákveðnum náttúru- eða menningarminjum sem þarf að standa vörð um.

### Samráð í tengslum við áframhaldandi stefnumótun

Sambandið þakkar fyrir það samráð sem þegar hefur átt sér stað í tengslum við vinnslu þessarar skýrslu og þakkar fyrir boðið á haghafafundinn í október 2023 og fyrir umsagnabeiðnina.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er ljóst að fara þarf í frekari stefnumótun og breytingar á opinberu regluverki til að setja skýran og sterkan ramma utan um viðskipti með kolefniseiningar á Íslandi. Þar sem sveitarfélög eru lykilhagaðili í mörgu sem viðkemur framleiðslu á kolefniseiningum og þar sem lagt er til að sveitarfélög taki þátt í að vera leiðandi að einhverju leyti við kaup á kolefniseiningum sem hluti af sínum loftslagsaðgerðum, er mikilvægt að Sambandið sé haft með í öllu samráði við þessa stefnumótun sem framundan er.

### Leiðbeiningar og stuðningur fyrir sveitarfélög

Ef sveitarfélög eiga, samhliða eða í samstafi við ríkið, að vera leiðandi og marka sér stefnu um kaup á kolefniseiningum til að ná markmiðum sínum um samdrátt í losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda er þörf á frekari stuðningi og leiðbeiningum frá ríkinu til sveitarfélaga. Slíkt væri t.d. hægt að gera í gegn um verkfærakistu um loftslagsstefnur sveitarfélaga sem verið er að vinna að því að breikka og bæta til að hún þjóni betur sínum tilgangi gagnvart sveitarfélögunum og stefnumótun þeirra í loftslagsmálum.

Sveitarfélög fara með skipulagsvald innan sinna marka og eru því lykilhagaðili þegar kemur að því að gefa út ákveðin leyfi sem eru grundvöllur fyrir ákveðnum tegundum af framleiðslu á kolefniseiningum. Til að geta tekið vel upplýstar ákvarðanir um í hvaða tilvikum sé æskilegt að veita leyfi og hvenær ekki er nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi aðgang að fræðsluefni um framleiðslu kolefniseininga (m.t.t. kosti, galla og áhættu) og skýrum leiðbeiningum um hvaða kröfur verkefni þurfa að uppfylla til að gefa megi út leyfi. Einnig þurfa sveitarfélög að vita hvaða sérfræðiþekkingu þau geta sótt í til að taka upplýstar ákvarðanir um áhrif verkefna á náttúru, loftslag og aðra þætti.

Einnig er þörf á meiri stuðningi, bæði í formi faglegs stuðnings s.s. sérfræðiþekkingar og leiðbeininga, og í formi fjármagns til að sveitarfélög hafi getuna til að sinna sínu mikilvæga eftirlitshlutverki gagnvart landnotkun innan sinna marka, t.d. varðandi þá sérstöku vernd sem votlendi nýtur samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Að lokum ítrekar Sambandið vilja sinn til að halda áfram góðu samtali við áframhaldandi stefnumótun varðandi framleiðslu á og viðskiptum með kolefniseiningar á Íslandi með það að markmiði að árangri verði náð gagnvart loftslagsmarkmiðum og markmiðum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Helga María Pálsdóttir,  
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs